



Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Ný-lýðhyggja

Er hún frábrugðin hefðbundinni lýðhyggju og á hvaða hátt?

Bergur Frostason

Júní 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRN MÁLAFRÆÐI DEILD

Ný-lýðhyggja

Er hún frábrugðin hefðbundinni lýðhyggju og á hvaða hátt?

Bergur Frostason

Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórn málafræði

Leiðbeinandi: Ólafur Þ. Harðarson

Stjórn málafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2020

Ný-lýðhyggja

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði.
Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Bergur Frostason, 2020
kt. 1909952169

Reykjavík, Ísland, 2020

Útdráttur

Lýðhyggja er loðið hugtak sem erfitt er að skilgreina, það er hins vegar rauð lína sem rennur í gegnum flestar skilgreiningar. Lýðhyggja er hugmyndafræði, orðræða eða heimssýn sem skiptir samfélaginu í tvo hópa: fólkið í landinu og elítan. Lýðhyggja heldur því fram að það sé fólkið í landinu sem eigi að ráða en ekki elítan. Síðastliðinn ár hefur hugtakið – „ný-lýðhyggja“ verið áberandi og telja sumir að það sé frábrugðið hefðbundinni lýðhyggju. Gerð hefur verið grein fyrir ýmsum einkennum ný-lýðhyggju sem fræðimenn telja að geri hana frábrugðna hefðbundinni lýðhyggju og þau síðan borin saman við tilvik frá rómverska lýðveldinu. Í ljós kemur að hægt er að finna fjölda af birtingarmyndum þessara einkenna á tímum rómverska lýðveldisins en sum þeirra eiga sér enga hliðstæðu. Greinarmunur er gerður á breytingum á heimsvísu og breytingum á lýðhyggju þar sem ekki er hægt að tala um breytingar á borð við hnattvæðingu sem einkenni ný-lýðhyggju. Það sem er frábrugðið eru boðskipti á milli almennings og ný-lýðhyggju leiðtoga ásamt breytingum á lengd áhrifa ný-lýðhyggju. Það er þó óljóst hvort að munurinn sé það mikill að þörf sé á því að tala um lýðhyggju sem tekur til sín þessar breytingar sem ný-lýðhyggju.

Formáli

Þessi ritgerð er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands og er metin til 12 eininga (ECTS). Ritgerðin var unnin á vormisseri 2020 til brautskráningar 27. júní 2020. Leiðbeinandi var Ólafur Þ. Harðarson, ég þakka honum kærlega fyrir leiðsögnina og sveigjanleika.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
Töfluskra	6
1 Inngangur	7
2 Hvað er lýðhyggja?	8
2.1 Hvað er ný-lýðhyggja?.....	12
3 Af hverju rómverska lýðveldið?	18
3.1 Birtingarmyndir ný-lýðhyggju skv. Sergiu Miscoiu.....	22
3.1.1 Samsemd	22
3.1.2 Sýn lýðhyggjunnar á fortíðinni.....	22
3.1.3 Markmið	23
3.1.4 Samhengi	24
3.1.5 Samband fólksins við leiðtogann	25
3.1.6 Ráðandi boðskipti.....	26
3.1.7 Rökfærsla lýðhyggju sem er við völd.....	26
3.1.8 Lengd áhrifa lýðhyggju	27
3.2 Aðrar birtingarmyndir ný-lýðhyggju	28
3.2.1 Hnattvæðing og verndun verkalýðsins	28
3.2.2 Fólksflutningar og andúð gagnvart innflytjendum.....	28
3.2.3 Valdboðshneigð.....	29
3.2.4 Ný-lýðhyggja að ofan.....	30
3.2.5 Samfélagsmiðlar og falsfréttir	30
3.2.6 Andstaða gagnvart alþjóðlegum stofnunum og pólitískri rétthugsun	31
4 Samantekt og umræða.....	32
Heimildaskrá.....	35

Töfluskra

Tafla 1. Einkenni sögulegrar lýðhyggju og þróaðri lýðhyggju. Taflan sýnir þau einkenni sem Miscoiu tengir við sögulega og þróaða lýðhyggju.	13
--	----

1 Inngangur

Í þessari ritgerð verður reynt að svara því hvort ný-lýðhyggja sé frábrugðin hefðbundinni lýðhyggju og á hvaða hátt. Farið verður yfir þær fjölbreyttu skilgreiningar sem finna má um lýðhyggju og gerð grein fyrir þeim mismunandi viðhorfum sem hægt er að finna meðal fræðimanna. Leitast verður eftir að leggja mat á þær skilgreiningar svo hægt sé að finna nothæfa skilgreiningu á lýðhyggju. Einnig verður gerð grein fyrir sögu lýðhyggju og hvernig hugtakið varð til. Þar á eftir verður umfjöllun um ný-lýðhyggju, hvernig fræðimenn hafa skilgreint hugtakið og hver einkenni hennar eru samanborið við hefðbundna lýðhyggju. Gerð verður grein fyrir þeirri óvissu sem ríkir um hugtakið og leitast verður eftir því að setja fram ítarlega skilgreiningu á hugtakinu.

Í kjölfarið verða einkenni ný-lýðhyggju borin saman við tilvik úr mannkynssögunni til þess að sjá hvort tiltekin einkenni séu í raun frábrugðin þeim tilvikum sem tekin verða fyrir. Rómverska lýðveldið mun þar spila lykilþátt og farið verður yfir af hverju það veitir góðan grunn til samanburðar. Sagt verður frá sögu rómverska lýðveldisins ásamt stjórnskipulagi þess og rök verða færð fyrir því að hægt sé að rekja rætur lýðhyggju til fornaldar samhliða umfjöllun fræðimanna um það. Tilvik verða kynnt til sögunnar og síðan borin saman við þau einkenni sem tekin eru fyrir hverju sinni, lagt verður mat á hvort hægt sé að sjá birtingarmyndir tiltekinna einkenna í þeim tilvikum sem þar koma fram. Að lokum verður samantekt um niðurstöður samanburðarins þar sem rætt verður hvaða einkenni er hægt að finna frá tíma rómverska lýðveldisins og hvaða einkenni koma ekki fram. Þar verður því svarað hvort ný-lýðhyggja sé í raun frábrugðin hefðbundinni lýðhyggju og á hvaða hátt auk þess að rætt verður hvað það gæti þýtt fyrir framtíðarnotkun á hugtakinu.

Til þess að svara þessari spurningu þá verða nýttar heimildir úr ýmsum áttum. Til þess að skilgreina lýðhyggju og ný-lýðhyggju þá verður stuðst við ritrýndar fræðigreinar og fræðibækur sem fjallað hafa um hugtökin. Heimildir frá stjórn málafræðingum og sagnfræðingum verða nýttar til að segja frá sögu lýðhyggju samhliða því hvernig hægt er að rekja rætur þess til fornaldar. Fræðibækur um rómverska lýðveldið ásamt frumheimildum verða svo nýttar til þess að segja frá lýðveldinu sjálfu og þeim tilvikum sem tekin verða fyrir.

2 Hvað er lýðhyggja?

Lýðhyggja er afar umdeilt hugtak í heimi stjórnmála og ótal margar skilgreiningar til um hvað hugtakið þýðir í raun og veru. Síðastliðin fimm ár hefur hugtakið verið mjög áberandi sérstaklega á alþjóðavísu, hafa sumir talað um að hugtakið hafi aldrei verið notað jafn mikið og í forsetakosningunum í Bandaríkjunum árið 2016. Þar var Donald Trump og Bernie Sanders oft lýst sem lýðhyggjusinum af fjölmiðlum og oft var hugtakið notað eins og það væri skammaryrði. Gríðarlega margir stjórnmálamenn til hægri og vinstri hafa verið bendlaðir við lýðhyggju síðastliðin ár og má þar nefna m.a. Marine Le Pen, Geert Wilders, Rafael Correa og Evo Morales ásamt stjórnmálahreyfingum á borð við Syriza á Grikklandi og Podemos á Spáni. (Mueller 2016, 1-2) Hvað þýðir samt hugtakið lýðhyggja? Sumir ganga svo langt að segja að öll form stjórnmála séu lýðhyggja á meðan aðrir halda því fram að lýðhyggja sé ekki til. (Kaltwasser og Mudde 2017, 1-2) Hér verður leitast við að rekja sögu hugtaksins og koma á framfæri þeim ótal sjónarmiðum sem finna má um það.

Hugtakið sjálf varð ekki til fyrr en á 19. öld og var það fyrst notað í Bandaríkjunum. Þar kom til sögunnar vinstrisinnaður bændaflokkur sem nefndi sig „The People’s Party“, blaðamenn sem fjölluðu um flokkinn fóru að kalla hann „The Populist Party“ og fljótlega varð það vinsælt heiti yfir flokkinn. (Strauss 2017, 31) Sumir hafa þar af leiðandi sagt að það sé formlegur uppruni lýðhyggju og að lýðhyggja sé fyrirbæri úr nútímanum. (Kaltwasser og Mudde 2017, 1-2) Sagnfræðingurinn Barry Strauss er hins vegar á öðru máli og heldur því fram að hægt sé að sjá birtingarmyndir lýðhyggju mörg þúsund ár aftur í tímann. (Glaser 2017) Þó að vitað sé hvenær hugtakið varð til þá er enn umdeilt hvort það hafi í raun verið byrjunin á lýðhyggju og hvort það sé hægt að kenna stjórnmálahreyfingar eða stjórnmálamenn sem voru uppi fyrir 19. öld við lýðhyggju. Þar af leiðandi er afar mikilvægt að geta skilgreint hvað lýðhyggja er.

Stjórnmálafræðingurinn Jan-Werner Mueller reyndi að skilgreina lýðhyggju í bók sinni *What is populism?* Þar færir hann rök fyrir því að grunnurinn að lýðhyggju sé höfnun á plúralisma og setur fram 7 kenningar um lýðhyggju sem eru eftirfarandi: (Mueller 2016, 2-3)

1. Lýðhyggja er hvorki áreiðanlegur hluti af lýðræðislegum stjórnmálum né aðferð til þátttöku fyrir óræða borgara. Lýðhyggja er frekar varanlegur skuggi fulltrúalýðræðis. Það er alltaf mögulegt fyrir geranda að „tala fyrir fólkið í landinu“ til þess að berjast gegn elítu sem fer með völd. Lýðhyggja var þar af leiðandi ekki til staðar í Aþenu til forna þar sem lýðhyggja er bundin við fulltrúalýðræði, lýðskrum en ekki lýðhyggja.

Lýðhyggja er samt ekki endilega á móti fulltrúalýðræði en heldur því hins vegar fram að aðeins fulltrúar hennar séu lögmætir. (Mueller 2016, 101)

2. Allir þeir sem gagnrýna elítuna eru ekki endilega lýðhyggjusinnar. Þeir eru ekki aðeins á móti elítunni heldur einnig á móti plúralisma. Þeir halda því fram að aðeins þeir geti talað fyrir fólkið. Allir aðrir frambjóðendur eru þar af leiðandi ólögmætir og þeir sem styðja ekki lýðhyggjusinnana eru þá ekki hluti af fólkinu. Þegar lýðhyggjusinnar eru í stjórnarandstöðu þá vilja þeir halda því fram að elítan sé siðlaus á meðan „fólkið í landinu“ sé siðferðisleg eining. (Mueller 2016, 101-102)
3. Lýðhyggjusinnar halda því fram að þeir berjist fyrir einhvers konar almannaheill sem fólkið í landinu hefur viljað koma í verk. Það skiptir þá samt ekki miklu máli hvort þessi vilji eða hugmynd um almannaheill verður til með heiðarlegu ferli heldur að þeir geti nýtt sér þá táknrænu ímynd af „alvöru fólki í landinu“. Popúlistinn gerir sig þar með ónæman fyrir empirískum rökum þar sem hann getur alltaf falið sig á bak við „alvöru fólkið í landinu“ eða hinn „þögla meirihluta“. (Mueller 2016, 102)
4. Þó að lýðhyggjusinnar kalli oft eftir þjóðaratkvæðagreiðslu þá gera þeir það ekki svo að almenningur geti komist að niðurstöðu í lýðræðislegu ferli heldur svo að atkvæðagreiðslan geti staðfest það sem þeir vilja meina að sé vilji fólksins. Lýðhyggja leiðir þar með ekki til meiri þátttöku í stjórnámálum. (Mueller 2016, 102)
5. Lýðhyggjusinnar geta stjórnað og eru líklegir til þess að gera það í samræmi við skuldbindingu sína um að þeir séu fulltrúar fólksins. Þeir eru hins vegar líklegir til þess að reyna að taka yfir stofnanir ríkisins, auka skjólstæðingasamband (e. Clientalism) og spillingu ásamt að bæla niður gagnrýni frá fræðimönnum. Þessar aðgerðir eru í þeirra augum réttlátar því þeir segjast vera að koma vilja fólksins í framkvæmd. Lýðhyggjusinnar geta líka skrifað stjórnarskrár sem eru oft hannaðar til að tryggja áframhaldandi völd lýðhyggju, þeir eru þá líklegir til þess að lenda í alvarlegum deilum um stjórnarskrármál. (Mueller 2016, 102)
6. Lýðhyggjusinnar eiga að vera gagnrýndir fyrir það sem þeir eru, s.s. alvarleg ógn gagnvart lýðræði. Það þýðir hins vegar ekki að þeir eigi að vera útilokaðir frá umræðunni, það er munur á því að tala um lýðhyggju og að tala eins og lýðhyggjusinni. Það er hægt að taka vandamálunum sem þeir vekja athygli á alvarlega án þess að samþykkja rammann sem hefur verið settur utan um vandamálið. (Mueller 2016, 103)
7. Lýðhyggja leiðréttir ekki frjálslynt lýðræði með því að færa stjórnsmál aftur til fólksins eða með staðhæfingu um fullveldi fólksins. Lýðhyggja er hins vegar nothæf að því

leyti að hún vekur athygli á minnihlutahópum sem hafa ekki endilega almennilega fulltrúa. Þetta réttlætir hins vegar ekki staðhæfingu lýðhyggju um að þeirra stuðningsmenn séu „alvöru fólkið í landinu“ og að aðeins lýðhyggjusinnar séu lögmætir fulltrúar þeirra. Lýðhyggja á í staðinn að fá verjendur frjálslynds lýðræðis til að hugsa sig um hvaða gallar eru til staðar í fulltrúalýðræði samhliða því að færa fókusinn yfir á siðferðislegar spurningar. (Mueller 2016, 103)

Cas Mudde og Cristóbal Kaltwasser eru stjórnmálafræðingar sem hafa fjallað ítarlega um lýðhyggju í Evrópu og Suður-Ameríku. Líkt og Mueller þá hafa þeir sóst eftir því að skilgreina lýðhyggju. Þeir gáfu út bók saman sem ber heitið *Populism: A very short introduction* og þar halda þeir því fram að það séu þrjú meginhugtök innan lýðhyggju; fólkið, elítan og almennur vilji. (Kaltwasser og Mudde 2017, 9) Mudde og Kaltwasser telja að lýðhyggja finnist aðallega í samfélögum þar sem frjálslynt lýðræði er til staðar. (Kaltwasser og Mudde 2017, 1-2) Þeir taka einnig mjög skýra afstöðu með því sem þeir kalla „ideational approach“ en sú nálgun verður útskýrð hér á eftir. (Kaltwasser og Mudde 2017, 2-3) Einnig gera þeir grein fyrir afstöðu mismunandi fræðiheima gagnvart hugtakinu um lýðhyggju.

„Popular agency“ nálgunin: Lýðhyggja sem jákvæð aðferð til að fá almenning af stað og taka þátt í stjórnmálum. Séð sem leið til þess að setja saman stjórnmálamenningu byggða á virkri þátttöku almennings. (Kaltwasser og Mudde 2017, 3)

„Laclauan“ nálgunin: Lýðhyggja er kjarni stjórnmála og frelsandi afl fyrir almenning. Frjálslyndu lýðræði stillt upp sem vandamáli og „radical democracy“ sem lausn. Lýðhyggja er leið til þess að öðlast „radical democracy“. (Kaltwasser og Mudde 2017, 3)

„Socioeconomic“ nálgunin: Lýðhyggja ábyrgðarlaus efnahagsstefna sem einkennist af miklum fjárveitingum byggðum á erlendum lánnum, það leiðir á endanum til mikillar verðbólgu og skaðandi breytinga á efnahagskerfinu. (Kaltwasser og Mudde 2017, 3-4)

„Strategic“ nálgunin: Lýðhyggja er einfaldlega pólitískt kænskubragð fyrir leiðtoga sem vill helst sækja völd sín til almennings en ekki annarra hópa eða stofnana. (Kaltwasser og Mudde 2017, 4)

„Folklore“ nálgunin: Lýðhyggja er aðferð fyrir stjórnmálamenn til þess að fá meiri athygli frá fjölmiðlum með því að skera sig úr og berjast gegn ríkjandi hugmyndafræði. (Kaltwasser og Mudde 2017, 4)

„Ideational“ nálgunin: Lýðhyggja er orðræða, hugmyndafræði og heimssýn. Talað um lýðhyggju sem „thin-centered ideology“, lýðhyggja stendur ekki ein og sér heldur tekur á sig mörg form þar sem hægt er að blanda lýðhyggju við hvaða hugmyndafræði sem er.

Lýðhyggja er einnig skilgreind sem andstæða elítisma og plúralisma. (Kaltwasser og Mudde 2017, 5-8)

Stjórn málafræðingurinn Pippa Norris hefur einnig skrifað mikið um lýðhyggju í gegnum árin og í bók sinni *Cultural Backlash: Trump, Brexit, and Authoritarian Populism* kemur hún fram með einfalda skilgreiningu á lýðhyggju. Pippa Norris segir:

Populism is defined as a style of discourse reflecting first order principles about who should rule, claiming that legitimate power rests with the people not the elites. It remains silent about second order principles concerning what should be done, what policies should be followed, what decisions should be made. (Pippa Norris 2019)

Hún tekur þar með í svipaðan streng og Mudde og Kaltwasser, þ.e.a.s. að hún talar um lýðhyggju sem orðræðu sem segir til um að valdið liggi hjá fólkinu í landinu en ekki hjá elítunni. Hennar skilgreining passar einnig við skilgreiningu Mudde og Kaltwasser um að lýðhyggja sé „thin-centered ideology“ þar sem hægt er að blanda lýðhyggju við hvaða hugmyndafræði sem er.

2.1 Hvað er ný-lýðhyggja?

Samhliða þeirri aukningu sem hefur átt sér stað á notkun hugtaksins „lýðhyggja“ síðastliðin ár hefur annað skylt hugtak einnig verið áberandi – „ný-lýðhyggja“. Rétt eins og margir hafa stimplað leiðtoga á borð við Donald Trump og Marine Le Pen sem lýðhyggjusinna þá hafa aðrir stimplað þau sem ný-lýðhyggjusinna. Hugtakið „ný-lýðhyggja“ er reyndar ekki nýtt þó það hafi verið sérstaklega áberandi síðastliðin ár. Hægt er að finna fræðigreinar sem nota hugtakið allt frá árinu 1979 og hafa margir fræðimenn keppt við að skilgreina það. (Patnaik 1979, 375) Hvað skilur ný-lýðhyggju að frá hefðbundinni lýðhyggju? Er ný-lýðhyggja virkilega það frábrugðin að það sé þörf á þessu hugtaki og hvað hefur valdið því að það varð til?

Í bókinni *Contemporary Populism: A Controversial Concept and Its Diverse Forms* fjallar fjöldi fræðimanna um ný-lýðhyggju og reynir að skilgreina hvað telst nýtt við þessa tegund af lýðhyggju. Sergiu Miscoiu er meðal þeirra og talar um hefðbundna lýðhyggju sem sögulega lýðhyggju en ný-lýðhyggju sem þróaða lýðhyggju. Hann stillir upp átta atriðum sem hann notar til þess að bera saman sögulega lýðhyggju og þróaða lýðhyggju: (Miscoiu 2013, 16-17)

Tafla 1. Einkenni sögulegrar lýðhyggju og þróaðri lýðhyggju. Taflan sýnir þau einkenni sem Miscoiu tengir við sögulega og þróaða lýðhyggju.

	Features of historical populism	Features of advanced populism
Popular identity	The formation of the people	Mixture of identities
The populist perspective of the past	The sacralisation of the glorious past	The future-oriented retrieval of the past
Mission	The people's redemption, transcendentalism	Accommodation, reformist banality
Coherence	Essentialism, doctrine entrenchment	Heterogeneity, inter-thematism
The people's relation to their leader	Admiration, faithfulness	„Camaraderie“, conditional loyalty
The communication dominant	Direct but unidirectional relations	Indirect but bidirectional relations
The logic of populism in power	Consensualism	Polemicism
The length of the effects of populism	Temporal persistence	Temporal precariousness

(Miscoiu 2013, 17)

Samsemd (e. Popular identity): Sögulega lýðhyggju má oft sjá í að stór hópur fólks kom til sögu sem pólitískir þegnar, t.d. með tilkomu kosningarréttar eða með einhvers konar frelsun. Þar með varð „fólkið í landinu“ til sem pólitísk eining og lýðhyggja sem fylgifiskur til að höfða til þeirra. Þróuð lýðhyggja verður til við aðrar aðstæður þar sem „fólkið í landinu“ hefur lengi verið til sem afl. Þar með þarf þróuð lýðhyggja að reyna að sameina marga mismunandi hópa. Í staðinn fyrir að gefa þeim sjálfsmynd sem pólitískur þegn þá þarf að byggja upp nýja sjálfsmynd. (Miscoiu 2013, 18)

Sýn lýðhyggjunnar á fortíðinni (e. Populist perspective of the past): Helsti munurinn liggur í að söguleg lýðhyggja horfir til fortíðarinnar sem fyrirmyndar, hún er oft sett fram sem ákveðin gullöld sem á að snúa aftur til. Þróaðir lýðhyggjusinnar hunsa ekki fortíðina en leita frekar til framtíðarinnar, leggja áherslu á róttækar breytingar og ráðast á elítuna sem reynir að

verja sín „sögulegu forréttindi“ sem hún hefur aflað sér með vinnu almennings. (Miscoiu 2013, 18-20)

Markmið (e. Mission): Söguleg lýðhyggja einkennist af umræðu um frelsun eða að færa samfélagið á næsta stig. Lofað er að breyta heiminum til hins betra og að leiða almenning inn í þennan nýja heim. Þróuð lýðhyggja einkennist frekar af gagnrýni í kringum skort á breytingum eða of mikið af þeim, er meira í takt við raunveruleikann. Ekki er sama tal um frelsun eða að breyta heiminum. (Miscoiu 2013, 20-22)

Samhengi (e. Coherence): Söguleg lýðhyggja er byggð í kringum það að ná stöðugleika og fá þemu sem mikil áhersla er lögð á. Þróuð lýðhyggja sýnir meiri misleitni og hefur mörg þemu sem oft eru í takt við það sem er almenningi efst í huga. Söguleg lýðhyggja byggir þar af leiðandi oft á þemum sem eru alltaf til staðar meðan þróuð lýðhyggja byggir á þemum sem koma og fara. (Miscoiu 2013, 22-23)

Samband fólksins við leiðtogann (e. The people's relation to their leader): Söguleg lýðhyggja einkenndist af leiðtogum sem komu frá hærri stétt og voru oftast vel menntaðir og auðugir. Þeir stilltu sér upp sem frelsarar sem myndu færa almenningi sömu réttindi og þeir nutu ólíkt hinum stjórnámálamönnum sem litu niður á almenning. Þróuð lýðhyggja einkennist hins vegar af leiðtogum sem stilla sér upp sem hluta af almenningi, ekki af hærri stétt. Leiðtogarnir gera oft mikið úr því að þeir séu aðeins venjulegir borgarar en ekkert sérstakir. (Miscoiu 2013, 23-24)

Ráðandi boðskipti (e. The communication dominant): Leiðtogar sem einkenndu sögulega lýðhyggju gátu stjórnað þúsundum manna með orðum sínum og voru vanalega færir og sannfærandi ræðumenn sem töluðu til og voru á meðal fólksins. Gracchus bræðurnir sem voru stjórnámálamenn í rómverska lýðveldinu eru nefndir sem dæmi. Leiðtogar sem einkenna þróaða lýðhyggju hafa vanalega ekki sömu ræðuhæfileikana og eru ekki jafn mikið á meðal fólksins því þeir koma sér frekar á framfæri í gegnum sjónvarp eða aðra miðla sem ná til fleira fólks. Það er einnig munur á sambandi þeirra við fólkið, sögulegir lýðhyggjumenn töluðu til fólksins með ræðum sínum en það er búist við að þróaðir lýðhyggjumenn hlusti á fólkið frekar en að segja þeim til. (Miscoiu 2013, 24-25)

Rökfærsla lýðhyggju sem er við völd (e. The logic of populism in power): Söguleg lýðhyggja einkenndist af tilurð pólitísku vilja sem leiðtogarnir komu í verk og unnu svo að viðhaldi hans. Þróuð lýðhyggja einkennist meira af leitinni að næstu baráttu, það er ekki nóg

að viðhalda því sem hefur náðst heldur þurfi að finna næsta slag svo hægt sé að takast á við hann. (Miscoiu 2013, 25-26)

Lengd áhrifa lýðhyggju (e. The length of the effects of populism): Söguleg lýðhyggja átti það til að vera varanlegri og hafði oft mikil áhrif sem entust jafnvel í margar aldir. Þróuð lýðhyggja er viðkvæmari og ekki jafn varanleg, lýðhyggjuhreyfing kemur til sögunnar og hverfur mjög fljótlega án þess að hafa langvarandi áhrif. (Miscoiu 2013, 26-28)

Þessi skilgreining Sergiu Miscoiu á ný-lýðhyggju er ítarleg og fjallar um margar hliðar stjórnámálakerfisins sem lýðhyggja getur haft áhrif á. Ekki hafa allir fræðimenn hins vegar sett fram jafn ítarlega skilgreiningu á hugtakinu og má þar m.a. nefna fræðigrein eftir dr. Írfan Kaya Ulger og Maribel Benítez sem ber heitið *Islamophobia in France, from racism to neo-populism* þar sem er fjallað um uppsveiflu á íslamófóbíu í stjórnámálum á Frakklandi. Hvergi í þessari fræðigrein er hugtakið „ný-lýðhyggja“ skilgreint heldur er einfaldlega talað um það eins og það sé sjálfsagt að nota þetta hugtak yfir þá þróun sem hefur átt sér stað í Frakklandi. (Ulger og Benítez 2017, 50-55)

Á vefsíðu „The Guardian“ sem er vinsæll fjölmiðill er hægt að finna fréttaflokka um alls konar hluti og bera þeir yfirleitt ákveðið heiti. Einn flokkurinn nefnist „The new populism“ og þegar hann er opnaður blasa við myndir af stjórnámálaleiðtogum á borð við Donald Trump, Recep Erdogan, Nigel Farage og Viktor Orbán. Enga skilgreiningu á ný-lýðhyggju er þar að finna en þær myndir og greinar sem birtast í þessum flokki virðast benda til þess að það sé ákveðin tenging á milli ný-lýðhyggju og þessara leiðtoga. (The Guardian The new populism) Mikið af þeim fræðigreinum og bókum sem hafa fjallað um ný-lýðhyggju taka þessa leiðtoga einnig fyrir og af tilteknum ástæðum.

Í bók sinni *The New Populism: Democracy Stares into the Abyss* fjallar stjórnámálafræðingurinn Marco Revelli um hugtakið og kemur þar fram með áhugavert sjónarmið. Hann talar um að í löndum þar sem lýðræði hefur verið að slíta barnsskónum þá hafi lýðhyggjusinnar komið fram til að vera fulltrúar þeirra hópa og stétta sem voru að nýta sér sín pólitísku réttindi í fyrsta sinn. (Revelli 2019, 31) Nú segir hann hins vegar að ný-lýðhyggjumenn stilli sér upp sem fulltrúar þeirra sem finnast eins og þeir hafi verið skildir eftir og glatað rödd sinni. (Revelli 2019, 56-65) Revelli telur að helsta ástæðan fyrir þessari lýðhyggjuuppsveiflu sé til komin vegna þess að vinstri stjórnámálaöfl hafi gefið eftir og fært sig nær miðju, þar með hafi þau ekki getað veitt þessum gleymdu kjósendum annan kost. Þegar hann talar um að vinstri flokkar hafi fært sig nær miðju þá á hann við að margir vinstri

flokkar hafi fært áherslu frá verkalýðnum yfir á frjálsa markaðinn. Þar með hafa þeir ekki verndað þá verkamenn sem hafa t.d. tapað störfum sínum til innflytjenda sem vinna fyrir lægri laun eða vinnan þeirra hefur færst erlendis þar sem lágmarkslaun eru lægri. (Revelli 2019, 140-150)

Samkvæmt Revelli hafa þessir ný-lýðhyggjumenn nýtt sér þessa stöðu og sóst eftir atkvæðum þeirra sem upplifa að þeir hafi misst rödd sína. Þetta er eitt einkenni ný-lýðhyggju sem Revelli nefnir og tekur hann einnig fyrir útlendingahatur eða andúð gagnvart innflytjendum sem einkenni ný-lýðhyggju. (Revelli 2019, 40-49) Hann talar um eitt einkenni sem er einungis bundið við Evrópu og það er andstaða gegn Evrópusambandinu. Það þýðir ekki að allir sem eru á móti ESB séu ný-lýðhyggjumenn heldur að andstaða gegn ESB sé einkennandi fyrir ný-lýðhyggju. (Revelli 2019, 1255-1273)

Í fræðigreini eftir Dan Prud'homme og Max von Zedtwitz er ný-lýðhyggja sögð einkennast af valdboðshneigð, þjóðernishyggju og andstöðu gegn hnattvæðingu ásamt þeirri elítu sem er talin vera ábyrg fyrir hnattvæðingunni. Þeir telja að hægt sé að sjá birtingarmyndir ný-lýðhyggju meðal almennings í formi andstöðu gegn fríverslun, fólksflutningum, pólitískri rétthugsun og þátttöku í alþjóðlegum stofnunum sem eru talinn innifela ákveðið framsal á fullveldi. (Prud'homme og Zedtwitz 2019, 1-2) Líkt og Revelli þá tala þeir um ný-lýðhyggju sem afleiðing þeirra efnahagsþróunar sem hefur átt sér stað síðastliðna áratugi vegna hnattvæðingar. Þessi þróun hefur leitt til ójafnaðar og atvinnuleysis innan ýmissa starfsgreina og þar sérstaklega þeirra sem krefjast ekki háskólamenntunar. Áhersla er einnig lögð á áhrif samfélagsmiðla þar sem auðveldara er fyrir fólk að eiga einungis í samskiptum við þá sem eru með svipaðar skoðanir. Þar af leiðandi verður fólk róttækara þar sem engar aðrar skoðanir fá að koma fram fyrir utan þær sem falla inn í hugmyndafræði þeirra ásamt því að dreifing falsfrétta fer að aukast. (Prud'homme og Zedtwitz 2019, 2)

Önnur fræðigreini eftir stjórn málafræðinginn Attila Ágh skilgreinir einnig ný-lýðhyggju sem viðbrögð við afleiðingum nýfrjálshyggju. Þar er farið yfir áhrifin sem nýfrjálshyggja hefur haft efnahaginn, samfélagið og stjórn mála. Efnahagskreppan sem hófst árið 2008 er þar talinn vera ákveðinn vendipunktur þegar kemur að upprisu ný-lýðhyggju. (Ágh 2018, 7) Hann nefnir ýmis einkenni sem hafa komið hér fram áður t.d. andstaða gegn fólksflutningum, hnattvæðingu, pólitískri rétthugsun og ríkjasamböndum á borð við ESB. Hann leggur hins vegar sértaka áherslu á valdboðshneigð og það sem hann talar um sem „populism from above“. Ungverjaland og Póland eru þar nefnd sem dæmi um valdboðshneigð

ný-lýðhyggju, það er þá einkenni ný-lýðhyggju að velja öryggi gegn ákveðinni ógn fram yfir lýðræðisleg gildi. (Ágh 2018, 18) Ágh talar svo um „populism from above“ sem það ástand þar sem fátækir og jaðarsettir hópar samfélagsins hafa kosið kúgara sína þ.e.a.s. ríkir óligarkar eða einstaklingar sem að tilheyra ákveðinni elítu. (Ágh 2018, 19-20)

Aðrir fræðimenn hafa fjallað um nýjar tegundir af lýðhyggju síðastliðin ár en hafa ekki notað hugtakið ný-lýðhyggju eða sambærileg nöfn. Annað hugtak sem hefur komið fram er „post-truth populism“ sem á að vera tegund af lýðhyggju sem kærir sig lítið um staðreyndir og leggur sig fram við að deila falsfréttum til að ala á ótta og hatri til að ná markmiðum sínum. (Speed og Mannion 2017, 1-2) Stjórn málafræðingurinn Pippa Norris hefur fjallað um „authoritarian populism“ og hefur hún notað það hugtak til þess að lýsa leiðtogum á borð við Trump, Orbán og Erdogan í stað þess að nota hugtakið „ný-lýðhyggja“. (Pippa Norris 2019) Þessi hugtök gætu verið betri lýsing á því sem margir kalla „ný-lýðhyggju“ en það er ekki ljóst hvort það sé í raun eitthvað nýtt við þessar tegundir af lýðhyggju.

3 Af hverju rómverska lýðveldið?

Rómverska lýðveldið var formlega stofnað árið 509 f.Kr. eftir að seinasta konungi Rómar Tarquinius Superbus var stept af stóli. (Beard 2015, 109) Það leið undir lok árið 27 f. Kr. þegar að öldungaráðið gaf Ágústus fulla stjórn yfir landssvæðum Rómaveldis og algjöra herstjórn. (Watts 2018, 275) Rómverska lýðveldið byggði ekki á frjálslyndu lýðræði eins og nú þekkt en var engu að síður lýðveldi sem hefur veitt fjölda nútíma lýðræðisríkja innblástur hvað varðar uppbyggingu ríkisins. Merki um það má t.d. finna í „The Federalist Papers“ eftir Alexander Hamilton, James Madison og John Jay þar sem stjórnskipulag rómverska lýðveldisins kemur oft til umræðu er grunnur var lagður að stjórnskipulagi Bandaríkjanna. (Kuzminski 2008, 1481)

Innan rómverska lýðveldisins var hægt að finna þrískiptingu ríkisvaldsins þar sem mismunandi stofnanir ríkisins fóru með framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómvald. Á hverju ári voru kosningar þar sem allir ríkisborgarar Rómaveldis höfðu kosningarétt. Í þessum kosningum voru tveir ræðismenn (e. Consuls) kjörnir sem fóru með framkvæmdarvald eitt ár í senn. Ræðismennirnir voru ábyrgir fyrir opinberri stjórnsýslu, stríðum, utanríkisstefnu að hluta til ásamt að stýra fjölda af embættismönnum. Þeir höfðu það hlutverk að framkvæma vilja öldungaráðsins og þinga alþýðunnar ásamt að þeir voru forsetar öldungaráðsins. (Kuzminski 2008, 1465)

Öldungaráðið sjálft fór með óformlegt löggjafarvald, upprunalega átti öldungaráðið að vera ráðgefandi en í gegnum árin jókst vægi þess verulega og þó svo að ákvarðanir þess yrðu ekki að lögum þá voru margir sem fylgdu því vegna þeirrar virðingar sem öldungaráðið naut. Öldungaráðið var einnig ábyrgt fyrir fjármálum ríkisins, hernaðarmálum og utanríkisstefnu. Meðlimir öldungaráðsins voru vanalega embættismenn sem höfðu lokið kjörtímabili sínu og oftast voru þeir skipaðir í ráðið af ræðismönnum um leið og kjörtímabilið var búið. (Kuzminski 2008, 1465-1504)

Þing alþýðunnar gegndu einnig mikilvægu hlutverki og fóru þau með dómvald í rómverska lýðveldinu ásamt að kjósa embættismenn til öldungaráðsins. Þing alþýðunnar gátu hins vegar ekki haft frumkvæði að löggjöf en þingin höfðu neitunarvald yfir allri löggjöf frá öldungaráðinu ásamt ræðismönnum. Þó ræðismennirnir hefðu einnig neitunarvald þá voru þeir verulega háðir öldungaráðinu og þingum alþýðunnar þar sem öldungaráðið gat neitað þeim um fjármuni og þing alþýðunnar gátu neitað að samþykkja löggjöf þeirra. Öldungaráðið var einnig háð þingum alþýðunnar þar sem alþýðuforingjarnir höfðu neitunarvald yfir allri

löggjöf og gátu jafnvel komið í veg fyrir að öldungaráðið hittist. (Kuzminski 2008, 1472-1478)

Formlega löggjafarvaldið var talsvert flóknara þar sem einungis ræðismenn eða alþýðuforingjar (e. Tribune of the plebs) gátu haft frumkvæði að löggjöf. Alþýðuforingjarnir voru kosnir beint af einu þingi alþýðunnar og höfðu gríðarlegt vald þar sem þeir gátu nýtt neitunarvald sitt til þess að koma í veg fyrir löggjöf ásamt að geta stungið upp á löggjöf sjálfir. Til þess að skilja almennilega löggjafarferlið þarf fyrst að útskýra þing alþýðunnar betur. Það voru tvö þing sem allir ríkisborgarar gátu tekið þátt í og þau voru „comitia centuriata“ og „comitia tributa“. (Kuzminski 2008, 1472-1478)

Þegar kom að því að kjósa hátt setta embættismenn, t.d. ræðismenn, þá var það gert í gegnum „comitia centuriata“ og einnig var t.d. kosið til öldungaráðsins með þeim hætti. Á þessu þingi var ríkisborgurum skipt í hópa eftir eignum þeirra, fátækustu ríkisborgararnir voru þá saman í hóp á meðan þeir ríkustu voru saman í öðrum hóp. Upprunalega var miðað við hvers konar herklæði og vopn ríkisborgararnir áttu, þar sem þeir ríkustu voru líklegri til að eiga góð herklæði þá voru það þeir sem fóru fyrstir í stríð og atkvæði þeirra hópa hafði meira vægi á því þingi þar sem mögulegt var að ná meirihluta áður en þeir fátækustu fengu að kjósa. Þetta leiddi til þess að innan „comitia centuriata“ höfðu efnameiri ríkisborgararnir meiri völd. (Crawford 2015, 3215-3228)

Öll löggjöf þurfti hins vegar að fara í gegnum „comitia tributa“ sem var talsvert öðruvísi þing, þar var öllum ríkisborgurum skipt í 35 hópa og skiptingin samsvaraði þeim landsvæðum sem fjölskyldur þeirra komu frá. Innan hvers hóps gildi að einn maður hafði eitt atkvæði, meirihluti atkvæða innan hóps gildi svo fyrir hann allan þar sem hópurinn hafði einungis eitt atkvæði í heildarkosningu. Þetta þing var einnig ábyrgt fyrir að kjósa aðra embættismenn og þar sem vægi hvers atkvæðis réðst ekki af eignum þá höfðu efnameiri ríkisborgararnir ekki meiri völd en þeir fátæku. (Crawford 2015, 3228-3242)

Það var hins vegar eitt þing til viðbótar sem ekki var opið öllum ríkisborgurum og það var „concilium plebis“. Einungis plebeiar höfðu aðgang að þessu þingi og þar voru alþýðuforingjarnir kosnir. Ákvarðanir plebeiapingsins giltu fyrir allt Rómaveldi sem gerði það að verkum að þingið hafði gríðarleg völd þegar kom að löggjafarferlinu. (Crawford 2015, 3228-3235)

Það sem einkennir sögu rómverska lýðveldisins er langvarandi barátta á milli plebeia og patrísea, patrísearnir voru af aðalsættum sem höfðu verið til fyrir stofnun lýðveldisins og

höfðu þeir einokað flestar valdastöður lýðveldisins í byrjun. Það liðu aðeins nokkur ár frá stofnun lýðveldisins þar til plebeiar hófu að mótmæla einokun patríseanna og árið 494 f.Kr. gerðist það fyrst að plebeiar yfirgáfu Róm í nokkurs konar verkfalli til þess að sýna patríseunum að þeir voru hjálparvana án þeirra. Þessi atburður leiddi til þess að plebeiaþingið varð til ásamt alþýðuforingjunum, árið 367 f.Kr. var plebeium síðan leyft að bjóða sig fram sem ræðismenn og árið 287 f.Kr. urðu allar ákvarðanir plebeiaþingsins gildandi fyrir lýðveldið í heild. Rúmlega 200 árum eftir stofnun lýðveldisins þá var lítið eftir af forréttindum patrísea fyrir utan aðgang að nokkrum prestastéttum og notkun ákveðins klæðaburðar. (Beard 2015, 147)

Þessar aðgerðir breyttu því þó ekki að enn var mikið ójafnvægi á milli patrísea og plebeia varðandi eignir og vald, tvær fylkingar urðu til sem áttu eftir að hafa gríðarleg áhrif á framtíð lýðveldisins; „optimates“ og „populares“. Þessar tvær fylkingar voru ekki stjórnámálflokkar eins og nú þekkjast en spiluðu engu að síður lykilhlutverk í stjórnámálum lýðveldisins. Þeir sem töluðu um sig sem „populares“ gerðu sig út fyrir að vera menn fólksins, þeir töluðu fyrir réttindum plebeia og sóttust eftir að bæta hag þeirra á kostnað patrísea. Þeir voru oft vinsælir meðal plebeia og reyndu frekar að ná markmiðum sínum í gegnum þing alþýðunnar heldur en innan öldungaráðsins, en þessi tilhneiging var sterk meðal alþýðuforingja. Á móti þeim stóðu „optimates“ sem vildu helst að almenningur færi með eins lítil völd og hægt væri, þeir töldu að best væri ef fámenn og vel menntuð elíta færi með völd í Rómaveldi. Þessi fylking var mjög áhrifamikil innan öldungaráðsins þar sem hægt var að finna fjölda patrísea. Þar sem atkvæði patríseanna voru veigameiri en hjá plebeium þá voru ræðismennirnir oft patrísear sem trúðu á málstað „optimates“. (Strauss 2017, 32)

Þannig var orðið til lýðveldi þar sem fámenn elíta hafði safnað að sér gríðarlegum fjármunum og fór með mikil völd í samræmi við fjölda þeirra, einnig var hópur af stjórnámálamönnum sem barðist gegn þessari elítu fyrir hönd almennings og reyndi að minnka völd hennar til þess að auka hag almennings. Í bókinni *Vox Populi: The Perils and Promises of Populism* reynir fjöldi fræðimanna að skilgreina lýðhyggju og rekja sögu hennar. Sagnfræðingurinn Barry Strauss er þar á meðal, hann er prófessor við Cornell-háskólann. Í bókinni rekur hann rætur lýðhyggju til forn-Aþenu og rómverska lýðveldisins og ber þar saman „populares“-fylkinguna við nútíma lýðhyggjumenn. Hann vill meina að hægt sé að sjá birtingarmyndir lýðhyggju í rómverska lýðveldinu og talar um „populares“ sem frum-lýðhyggjumenn (proto-populist). (Strauss 2017, 40) (Glaser 2017)

Fræðimaðurinn Adrian Kuzminski sem er fyrrum prófessor í sagnfræði við Hawaii-háskólann rekur einnig rætur lýðhyggju til forn-Aþenu og rómverska lýðveldisins í bók sem nefnist *Fixing the System: A History of Populism, Ancient and Modern*. Hann nefnir þar mörg dæmi um lýðhyggju sem hægt er að finna í rómverska lýðveldinu. (Kuzminski 2008, 1459-1465) Rómverska lýðveldið gefur þar af leiðandi afar áhugaverðan grunn til þess að bera saman við lýðhyggju í nútímanum og sjá hvort og hvernig lýðhyggja hefur þróast í gegnum aldirnar. Hér verða tekin fyrir ýmis tilvik frá rómverska lýðveldinu í þeim tilgangi að sjá hvort hægt er að finna þar einkenni ný-lýðhyggju og þar með öðlast betri skilning á hvernig ný-lýðhyggja er frábrugðin hefðbundinni lýðhyggju.

3.1 Birtingarmyndir ný-lýðhyggju skv. Sergiu Miscoiu

3.1.1 Samsemd (e. Popular identity)

Það er ritað að um árið 168 f.Kr. hafi rómverska lýðveldið orðið að gríðarlegu fjölbreyttu samfélagi þar sem fólk frá öðrum menningarheimum og kynþáttum í kringum Miðjarðarhafið hafi flust að og fengið ríkisborgararétt. (Beard 2015, 199) Ríkisborgarar lýðveldisins höfðu haft atkvæðisrétt í nokkrar aldir á þessum tímamarki og þátttaka í stjórnmálum var engin nýjung fyrir ríkisborgara lýðveldisins. Miscoiu talar um það sem einkenni sögulegrar lýðhyggju þegar ákveðin frelsun á sér stað og almenningur fer að taka þátt í stjórnmálum í fyrsta sinn. Dæmi um það er að finna við stofnun lýðveldisins þar sem almenningur var að feta sín fyrstu skref í stjórnmálapátttöku.

Það á hins vegar ekki við um lýðveldið sem var til staðar í kringum árið 168 f.Kr., stór meirihluti almennings voru plebeiar en það var afar fjölbreyttur hópur. Sumir þeirra voru fyrrum bændur sem höfðu flust til Rómar út af fátækt, aðrir voru ríkir kaupmenn og sumir tilheyrðu fjölskyldum sem höfðu flust til Rómar nokkrum kynslóðum á undan. Sumir þeirra gátu rakið ættir sínar til stofnun lýðveldisins á meðan aðrir komu upprunalega frá öðrum löndum í kringum Miðjarðarhafið. Allt þetta fólk var plebeiar og hægt að sjá að þetta var mjög fjölbreyttur hópur. (Beard 2015, 199) Miscoiu talar einmitt um fjölbreytileika af þessu tagi sem einkenni ný-lýðhyggju þar sem ný-lýðhyggjumenn reyna að sameina þessa fjölbreyttu hópa sem eina heild. Lýðhyggjumenn í lýðveldinu gerðu einmitt það, þeir reyndu að sameina plebeia þrátt fyrir fjölbreytileika þeirra með því að vísa til elítunnar sem sameiginlegs óvinnar. Þar með má segja að hægt sé að sjá þetta tiltekna einkenni ný-lýðhyggju í rómverska lýðveldinu.

3.1.2 Sýn lýðhyggjunnar á fortíðinni (e. The populist perspective on the past)

Árið 133 f.Kr. var mikilvægt ár í sögu lýðveldisins, Tiberius Sempronius Gracchus var þá einn af alþýðuföringjum plebeiaþingsins og sóttist hann eftir því að ná mjög umdeildri löggjöf í gegn. Gracchus var af plebeiaættum en fjölskyldan hans var mjög auðug og hafði glæstan feril í stjórnmálum. Hann hafði upprunalega verið studdur af elítunni en það breyttist fljótlega. Alvarlegt vandamál blasti við lýðveldinu á þeim tíma þar sem margir plebeiar sem höfðu starfað sem bændur fóru í herinn og töpuðu loks landi sínu vegna skulda heima fyrir. Bændurnir sem eftir voru stóðu líka frammi fyrir öðru vandamáli, jarðirnar sem höfðu áður verið eign almennings til þess að nýta til beitar höfðu verið teknar yfir af auðugum og

valdamiklum patríseum þrátt fyrir lög sem gerðu það ólöglegt. Gracchus var staðráðinn í að taka þessar jarðir til baka frá patríseunum og gefa fátækum plebeium þær.

Hann sóttist eftir að gera þessar jarðir upptækar samhliða því að hann kallaði eftir að ríkið niðurgreiddi korn fyrir fátækustu fjölskyldurnar í Róm. Hann hélt ræðu þar sem hann réðst á patrísea fyrir að ljúga að fólki með að hvetja plebeia áfram til þess að berjast fyrir land sitt á sama tíma og þeir rændu landinu undan þeim. Hann talaði um að fátækir plebeiar væru að deyja fyrir hönd auðugra manna sem lifðu lúxuslífi. Gracchus eignaðist marga óvini meðal patrísea með aðgerðum sínum og það leiddi að lokum til dauða hans. Hann var þó talinn hetja meðal plebeia og er talað um hann sem einn af merkustu mönnunum í „populares“-fylkingunni. (Strauss 2017, 27-29)

Miscoiu talar um það sem einkenni ný-lýðhyggju þegar horft er til framtíðar en ekki fortíðar, kallað eftir umbótum og reynt að ýta elítunni til hliðar. Þá er talað um elítuna sem verjanda forréttinda sinna sem hafi áunnist í gegnum erfiðleika fólksins í landinu. Ef maður ber það saman við aðgerðir Gracchus þá er margt líkt, hann barðist fyrir umbótum fyrir almenning á kostnað elítunnar og horfði til framtíðar í stað þess að vitna stöðugt í fortíðina. Í ræðu sinni þá málaði hann upp mynd af elítunni sem verjanda forréttinda sinna sem hvetti þá fátæku til þess að berjast fyrir sína hönd einungis til þess að bæta hag elítunnar. Þar af leiðandi má skilgreina þetta sem birtingarmynd á tilteknu einkenni ný-lýðhyggju eins og Miscoiu skilgreinir hana.

3.1.3 Markmið (e. Mission)

Eftir að Gracchus var myrtur þá ákvað bróðir hans, Gaius Gracchus, að reyna að halda uppi arfleifð bróður síns. Hann bauð sig fram sem alþýðuforingja árið 123 f.Kr. og hélt því embætti í tvö ár samfelld. Hann átti eftir að vera talinn einn af merkustu mönnum „populares“-fylkingarinnar samhliða bróður sínum. Það fyrsta sem hann gerði var að hrinda hugmynd bróður síns um niðurgreitt korn í framkvæmd. Í hverjum mánuði átti ríkið að selja ákveðið magn af korni sem var niðurgreitt svo það væri með fast verð. Þetta gerði hann svo að fátækustu ríkisborgararnir gætu átt efni á korni þegar verðið var hátt í borginni. Það var alls ekki auðvelt að koma þessu í verk en að lokum náði hann því. Eftir þennan sigur þá hélt hann áfram að leita eftir næstu umbótum sem hægt var að koma í verk og á einungis tveimur árum lagði hann fram tugi af lögum sem var óvenjulega mikið. Hann lagði til löggjöf sem myndi gera fólki kleift að komast undan dauðarefsingu, gera mútur ólöglegar og nýja útgáfu af

löggjöfni um endurdreifingu á jörðum sem bróðir hans var frægur fyrir. (Beard 2015, 227-229)

Miscoiu talar um það sem einkenni ný-lýðhyggju að gagnrýna skort á umbótum og að nýta sér óánægju almennings án þess að lofa því að bjarga fólki eða breyta heiminum. Hann telur að ný-lýðhyggja sætti sig við raunhæfar aðgerðir og einbeiti sér að umbótum, leitinn að næsta málaflokki til þess að krefjast umbóta í er ákveðið einkenni ný-lýðhyggju. Það má sjá í aðgerðum Gaius Gracchus þar sem hann tók mið af óánægju almennings og reyndi í sífellu að koma fram með umbætur. Þegar hann náði markmiði sínu að fá ríkið til þess að niðurgreiða korn þá fór hann að leita eftir næstu umbótum sem hann gæti komið í verk. Hann lofaði ekki almenningi að bjarga honum úr ánaud eða að breyta heimi hans heldur sætti hann sig við þær umbætur sem voru raunhæfar.

3.1.4 Samhengi (e. Coherence)

Í bæklingi sem var skrifaður af Gaius Gracchus talar hann um ástæðuna fyrir því að bróðir hans réðist í það verkefni að reyna að endurdreifa jörðum. Tiberius Gracchus hafði verið hermaður árið 137 f.Kr. og þegar hann ferðaðist frá Róm til þess að taka þátt í hernaðaraðgerðum á Spáni varð hann fyrir áfalli þegar hann sá ástand landsbyggðarinnar. Margir smáir bóndabæir voru yfirgefnir og þeir sem voru eftir áttu erfitt uppdráttar. Stórum bóndabæjum þar sem þrælur sinntu landbúnaði hafði fjölgað og hann heyrði margar sögur af þeirri ánaud sem bændur bjuggu við. Hann gerði það að markmiði sínu að bæta þetta ástand þegar hann bauð sig fram sem alþýðuforingi og ein saga segir að sumir ríkisborgarar hafi byrjað á herferð þar sem þeir krotuðu á vegg borgarinnar og báðu Gracchus um að endurheimta jarðir þeirra. (Beard 2015, 220-222)

Þegar Gaius sjálfur lagði í það að fá korn niðurgreitt þá var það vegna ástands sem hafði ríkt í borginni árin á undan. Á góðu uppskeruári var til nóg af korni svo að allir gátu keypt það á viðráðanlegu verði en þegar uppskerubrestur átti sér stað rauk verðið upp. Í því ástandi var jafnvel erfitt fyrir hinn almenna borgara að eiga efni á nægu korni. Þar af leiðandi gerði hann það að markmiði sínu að tryggja að þeir fátækustu í borginni gætu átt efni á korni. (Beard 2015, 228) Samkvæmt Miscoiu er það einkenni ný-lýðhyggju þegar stefnur ráðast af núverandi kröfum almennings og aðlagast þeim frekar en að halda sig við stefnuskrá sem byggist á ákveðnum grunngildum, t.d. lögum og reglu eða sameiningu og friði. Gracchus-bræðurnir tóku hér mið af kröfum almennings og reyndu að koma þeim í verk frekar en að halda sig við fasta stefnuskrá, þeir urðu báðir varir við kröfur almennings á ákveðnum

tímamarki og aðlöguðu aðgerðir sínar að þeim. Þar með er hægt að tala um aðgerðir þeirra sem birtingarmyndir á tilteknu einkenni ný-lýðhyggju samkvæmt Miscoiu.

3.1.5 Samband fólksins við leiðtogann (e. The people's relation to their leader)

Gaius Marius var einn af merkustu mönnum innan „populares“-fylkingarinnar og einn af þeim fáu sem varð ræðismaður. (Strauss 2017, 30) Marius var ekki patrísei og þegar hann komst í öldungaráðið var talað um hann sem „nýjan mann“ eða manneskju sem átti enga forfeður sem höfðu setið í öldungaráðinu. (Watts 2018, 102) Hann bauð sig fram sem ræðismaður árið 107 f.Kr. og réðst ítrekað á patrísean Metellus sem fór með stjórn yfir her lýðveldisins í stríðinu í Númeríu. Hann talaði um að Metellus endurspeglaði vanhæfni og siðleysi elítunnar og vann að lokum kosningarnar. Hann nýtti sér svo plebeiþingið til þess að taka herstjórn af Metellus yfir til sjálfs sín með loforði um að ljúka við stríðið. (Watts 2018, 104-106) Hann hélt svo ræðu árið 106 f.Kr. sem sýnir þá ímynd sem hann varpaði fram til almennings sem stjórnmalamaður:

My friends, compare me—a “new man”—with those arrogant nobles. What they are used to hearing or reading, I have either seen first-hand or have done myself. What they have gathered from books I have learned myself while serving as a soldier. Consider now whether you believe actions are worth more than words. They sneer at my common origins, and I at their uselessness. Before me lies my own fate; before them lies their disgrace. (Sallust 2017, 193-194)

My words are not put together well, but this is not important to me. Virtue shows itself well enough on its own. It is they who need the rhetorical craftsmanship in order to cover up their repulsive deeds. I have not studied Greek letters, either. I was not inclined to learn them, since they benefitted the virtue of their teachers so little. (Sallust 2017, 195-196)

Miscoiu talar um það sem einkenni ný-lýðhyggjumanna að vera almennir borgarar eða gefa sig út fyrir að vera það. Þeir leggja áherslu á að þeir séu ekki hluti af elítunni heldur séu þeir eins og kjósendur sínir. Þeir hegða sér eða reyna að hegða sér eins og almenningur, t.d. með málfari sínu. Hér sjáum við Marius gera mikið úr því að hann sé ekki eins og elítan, hann talar um að hann sé ekki jafn vel lesinn og að málfar hans sé ekki jafn gott og þeirra. Hann gerir þetta að styrkleika sínum þegar hann talar til almennings þar sem hann segist hafa lært af gjörðum sínum en ekki bókum, hann er eins og almúginn en ekki eins og elítan. Þar af leiðandi er þetta birtingarmynd þess sem Miscoiu talar um, hann heldur hins vegar áfram og segir að þetta samband við almenning sé brothætt og háð því að þeir afreki það sem þeir lofuðu að gera.

Sama má sjá í sögu Mariusar, hann bauð sig aftur fram sem ræðismaður árið 103 f.Kr. eftir að hafa verið ræðismaður tvö ár í röð fyrir en átti erfitt uppdráttar í þeim kosningum til að byrja með. (Watts 2018, 108) Honum tókst að ljúka við stríðið í Númeríu á innan við ári en

efasemdir höfðu vaknað eftir að um 80.000 hermenn létust í orrustu við Cimbri-ættbálkinn í Germaníu. Þó Mariús stýrði þeim her ekki sjálfur þá gerðist þessi mikli ósigur meðan hann var ræðismaður, fólk fór að hafa áhyggjur af að Cimbri-ættbálkurinn mundi gera innrás og hvort Mariús væri rétti maðurinn til þess að leiða lýðveldið á þessum óvissutímum. (Watts 2018, 106-107) Mariús var ekki viss um að ná endurkjöri og til þess að vinna þá fékk hann Lucius Appuleius Saturninus sem var þá alþýðuforingi og kenndur við „populares“-fylkinguna til þess að stilla upp leikriti fyrir almenning. Mariús þóttist ætla að draga sig í hlé og hætta við framboð sitt, Saturninus lék þá sitt hlutverk og ásakaði Mariús opinberlega um að svíkja lýðveldið með því að neita að þjóna því þegar það væri í hættu. Mariús bauð sig þá fram að lokum og náði að vinna sér endurkjör þökk sé þessu leikriti. (Watts 2018, 107-108)

3.1.6 Ráðandi boðskipti (e. The communication dominant)

Miscoiu talar um að hefðbundin lýðhyggja einkennist af beinum en einhliða samskiptum við almenning þar sem stjórnámamenn tali beint til fólksins í gegnum ræður sínar en eigi ekki í samræðum við það. Hann segir að ný-lýðhyggja einkennist af óbeinum en tvíhliða samskiptum á milli stjórnámamanna og kjósenda. Skýringin sem hann gefur á þessu eru þeir nýju samskiptamáttar sem hafa komið til sögunnar síðastliðna öld. Nú koma stjórnámamenn reglulega fram í sjónvarpi og eiga í samskiptum við kjósendur í gegnum netið. Þar af leiðandi er ræðulist stjórnámamanna ekki jafn mikilvæg og áður fyrir ásamt því að geta þeirra til þess að ná til kjósenda í gegnum fjölmiðla og samfélagsmiðla er orðin verulega mikilvæg. Kjósendur eru einnig farnir að krefjast þess að eiga í samskiptum við stjórnámamenn og sætta sig ekki við að greiða einungis atkvæði í kosningum eða taka þátt í félagasamtökum. Ómögulegt er að bera þetta saman við rómverska lýðveldið og er einkenni ný-lýðhyggju sem hefur einungis komið fram undanfarna áratugi. (Miscoiu 2013, 24-25)

3.1.7 Rökfærsla lýðhyggju sem er við völd (e. The logic of populism in power)

Samkvæmt Miscoiu er það einkenni hefðbundinnar lýðhyggju að koma að sameiginlegu áliti og viðhalda því, t.d. sameiginlegum gildum eða sameiginlegri afstöðu í ákveðnum málaflokki. Það er þá einkenni ný-lýðhyggju að koma fram með andmæli og reyna að spilla samhljóða afstöðu. Ný-lýðhyggja einkennist þá oft af því að ráðast á einstaklinga eða hópa og leita eftir næsta skotmarki. Þetta er gert með því að finna það sem þeir telja vera vandamál og ráðast á þá sem þeir telja vera ábyrga fyrir því vandamáli. Ný-lýðhyggja hafnar því að reyna að viðhalda samstöðu og reynir þess í stað að finna andstæðinga sem hægt er að takast á við.

Dæmi um þetta er hægt að finna þegar Gaius Maríus bauð sig fyrst fram sem ræðismaður, hann fann sér ákveðið vandamál, stríðið í Númeridíu sem hafði dregist á langinn, og ásakaði Metellus um að vera ábyrgan fyrir því. Til viðbótar talaði hann um að gjörðir Metellusar endurspegluðu elítuna í heild sinni og að elítan væri vanhæf í hernaðarmálum. Þegar Maríus vann síðan kosningarnar þá fóru fleiri menn úr „populares“-fylkingunni að fylgja fordæmi hans og má þar nefna Gaius Norbanus og Gnaeus Domitius Ahenobarbus. Norbanus varð alþýðuforingi og fór að leita að vandamáli til þess að takast á við, mikli ósigurinn gegn Cimbri-ættbálknum varð fyrir valinu og taldi hann patríseann Quintus Servilius Caepio, sem var fyrrum ræðismaður, ábyrgan þar sem hann hafði neitað að fylgja fyrirmælum hershöfðingjans. Norbanus fór að ráðast á Caepio og endaði á því að lögsækja hann fyrir ósigurinn. Ahenobarbus fór einnig sömu leið með því að lögsækja fyrrverandi ræðismann. Bæði Norbanus og Ahenobarbus urðu seinna ræðismenn sjálfir eftir að hafa aukið vinsældir sínar með aðgerðum af þessu tagi. Það að ráðast á fyrrum ræðismenn og patrísea með þessum hætti var alls ekki algengt fyrir valdatíma Maríusar en þessar árásir á „vanhæfu elítuna“ urðu vinsælar meðal almennings eins og kosningakjör þessara manna sýnir. (Watts 2018, 106-108)

3.1.8 Lengd áhrifa lýðhyggju (e. The length of the effects of populism)

Miscoiu telur að áhrif sögulegrar lýðhyggju hafi verið langvarandi samanborið við ný-lyðhyggju og að áhrif hennar hafi jafnvel enst í gegnum aldirnar. Ný-lyðhyggja er hins vegar viðkvæmari og áhrif hennar endast ekki jafn lengi, ný-lyðhyggjuhreyfingar verða til og hverfa fljótlega án þess að hafa langvarandi áhrif. Hann nefnir hið svokallaða „Tea Party“ í Bandaríkjunum sem dæmi um þetta þar sem ný-lyðhyggjuhreyfing spratt upp snögglega og var svo nánast horfin á innan við ári. (Miscoiu 2013, 27) Varðandi þetta atriði er ekki hægt að finna einkenni ný-lyðhyggju í rómverska lýðveldinu þar sem „populares“-fylkingin varð til hægt og rólega, það tók langan tíma að byggja hana upp en þegar stjórnámálmenn sem kenndu sig við hana og fóru að láta að sér kveða þá voru áhrif þeirra langvarandi eins og hægt er að sjá á umbótum Gracchus-bræðranna ásamt ádeilu Maríusar. Þrátt fyrir atburði eins og morðin á bræðrunum þá voru áhrif þeirra langvarandi og „populares“-fylkingin hélt velli út tíma lýðveldisins. Þar af leiðandi er ekki hægt að finna birtingarmynd ný-lyðhyggju í þessu tilfelli.

3.2 Aðrar birtingarmyndir ný-lýðhyggju

3.2.1 Hnattvæðing og verndun verkalýðsins

Revelli lýsir því hvernig fjöldi fólks hefur misst vinnu sína vegna innflytjenda sem vinna fyrir lægri laun og vegna þess að störf þess hafa flust úr landi þar sem laun eru almennt lægri. Sjá má sambærilega birtingarmynd hjá rómverska lýðveldinu sem sést helst á stöðunni sem Gracchus-bræðurnir reyndu að takast á við. Auðugar ættir höfðu keypt eða fengið í hendurnar mikið af jörðum á landsbyggðinni. Í stað þess að ráða bændur til þess að vinna fyrir sig þá fluttu þeir inn þræla til þess að sinna landinu í staðinn. Mikið af fátækum bændum höfðu þá engar jarðir og enga atvinnu, það leiddi til þess að þeir fluttu sig frá landsbyggðinni yfir í borgirnar. Þar áttu margir þeirra erfitt uppdráttar og áform Gracchus-bræðranna um niðurgreitt korn var ein leið til þess að reyna að hjálpa þeim.

Þá tíðkaðist hins vegar ekki að störf væru flutt úr landi þannig að ekki má sjá birtingarmynd þess. Staðan í rómverska lýðveldinu var þá sambærileg upp að ákveðnu marki þar sem stjórnámálmenn úr „populares“-fylkingunni börðust fyrir þá sem upplifðu að þeir hefðu verið skildir eftir þar sem enginn annar gerði það. Að sama skapi er þó margt einnig ólíkt og erfitt að tala um þetta sem birtingarmynd tiltekins einkennis ný-lýðhyggju. Hægt væri að tala um þau áhrif sem rómverska lýðveldið hafði á ríki í kringum Miðjarðarhafið sem ákveðna Rómavæðingu en hún er engan veginn sambærileg þeirri hnattvæðingu sem á sér stað í nútímanum.

3.2.2 Fólksflutningar og andúð gagnvart innflytjendum

Eins og kom fram áður þá var rómverska lýðveldið mjög fjölbreytt og mikið af innflytjendum höfðu flutt þangað ásamt að öðlast ríkisborgararétt. Vissulega höfðu ýmsir borgarar neikvæðar skoðanir gagnvart innflytjendum en engin dæmi eru til staðar sem sýna fram á að „populares“-fylkingin hafi gert það að stefnu sinni að lýsa yfir andúð gagnvart innflytjendum. Það sem var hins vegar deiluefni var ríkisborgararétturinn, það virtist vera allt í lagi að innflytjendur kæmu til þess að búa og vinna í Róm en að veita þeim ríkisborgararétt var ekki sjálfgefið. Meiri að segja margir íbúar lýðveldisins sem bjuggu á Ítalíu nutu ekki ríkisborgararéttar, „populares“-fylkingin kallaði eftir því að veita þeim ríkisborgararétt á meðan stjórnámálmenn úr „optimates“-fylkingunni voru á móti. (Beard 2015, 235-236) Þar með er ekki hægt að tala um þetta atriði sem birtingarmynd ný-lýðhyggju.

3.2.3 Valdboðshneigð

Valdboðshneigð er talin vera einkenni ný-lýðhyggju meðal margra fræðimanna þar sem kjósendur þeirra virðast vera tilbúnir til þess að fyrirgefa brot á reglum lýðræðisins ef það er gert til þess að bæta hag þeirra. Birtingarmyndir þess í nútímanum sem hafa verið nefnd eru til dæmis núverandi ríkisstjórnir Ungverjalands og Póllands.

Valdboðshneigð meðal „populares“ fylkingarinnar er þó hins vegar hægt að finna á tímum rómverska lýðveldisins. Gaius Júlíus Caesar er nafn sem að flestir kannast við og er hann frægasti meðlimur „populares“ fylkingarinnar. (Strauss 2017, 31) Caesar bauð sig fram sem ræðismaður árið 59 f. Kr. og valdboðshneigð er áberandi þegar litið er á hegðun hans. (Watts 2018, 198) Caesar vann kosningarnar en meðlimur „optimates“ fylkingarinnar að nafni Bibulus var í öðru sæti sem gerði það að verkum að þeir sátu saman sem ræðismenn. (Watts 2018, 200) Líkt og forverar hans þá sóttist Caesar eftir því að bæta hag þeirra sem höfðu þurft að yfirgefa jarðir sínar og flytja í borgirnar. Hann ætlaði sér að dreifa jörðum í eigu ríkisins meðal þessara borgara svo þeir gætu flutt sig aftur út á landsbyggðina. Samhliða því þá vildi hann að ríkið mundi kaupa upp lausar jarðir og setja upp nefnd sem mundi sjá um að dreifa jörðunum.

Caesar eyddi miklum tíma í það að lesa þetta frumvarp fyrir öldungaráðið og svara spurningum þeirra sem gagnrýndu það. Eftir að hafa gert ýmsar málamiðlanir þá bárust engar fleiri spurningar og Caesar ætlaði sér að setja frumvarpið sitt í atkvæðagreiðslu. Meðlimur öldungaráðsins að nafni Cato hóf þá málþóf og Caesar reiddist svo að hann skipaði því að Cato yrði handtekinn, uppþot varð meðal öldungaráðsins sem leiddi til þess að Caesar hætti við handtökuna. Hann ákvað í staðinn að fara fram hjá öldungaráðinu og láta almenning kjósa um frumvarpið. Caesar fór að halda ræður meðal almennings um frumvarpið og þrír alþýðuforingjar sem voru hliðhollir „optimates“ fylkingarinnar reyndu að fresta atkvæðagreiðslunni. Caesar hundsaði tilraunir alþýðuforingjanna og setti atkvæðagreiðsluna á dagskrá. Þegar dagurinn rann upp þá mætti ræðismaðurinn Bibulus ásamt öðrum meðlimum „optimates“ fylkingarinnar til þess að beita neitunarvaldi sínu, mikil reiði var meðal almennings vegna þess og það var ráðist á þá. Bibulus hrópaði stöðugt að hann væri að beita neitunarvaldi sínu en Caesar lét eins og hann heyrði það ekki, frumvarp Caesar var þar með samþykkt. Bibulus bað öldungaráðið um að ógilda atkvæðagreiðsluna daginn eftir en vegna þess að frumvarpið var gríðarlega vinsælt meðal almennings þá þorði enginn að taka undir með Bibulus. Þetta leiddi til þess að Bibulus læsti sig inni á heimili sínu og lét ekki aftur sjá sig fyrr en kjörtímabil þeirra rann út. (Watts 2018, 201-204)

Hér sjáum við skýra birtingarmynd valdboðshneigðar hjá Caesar þar sem hann beitir valdi og hundsar reglur lýðveldisins. Við sjáum einnig að almenningur kærði sig lítið um valdboðshneigð Caesars þar sem frumvarpið hans bætti hag þeirra.

3.2.4 Ný-lýðhyggja að ofan (e. Populism from above)

Attila Ágh talar sérstaklega um eitt einkenni ný-lýðhyggju sem hann lýsir sem „populism from above“ þar sem fátækir og jaðarsettir hópar samfélagsins kjósa ríka óligarka eða einstaklinga sem tilheyra elítunni til þess að berjast fyrir þeirra hagsmunum. Hægt er að sjá ýmsar birtingarmyndir þess á tímum rómverska lýðveldisins þó svo að sumir meðlimir „populares“ fylkingarinnar eins og Maríus væru ekki hluti af elítunni. Gaius Júlíus Caesar er frægasta dæmið um það þar sem hann var sjálfur patrísei og kom frá auðugri fjölskyldu en var engu að síður vinsæll meðal þeirra sem tilheyrðu fátækum og jaðarsettum hópum lýðveldisins. Caesar var meiri að segja talinn vera arftaki Maríusar meðal stuðningsmanna hans þrátt fyrir það að hann var patrísei. (Watts 2018, 176-177) Hægt er að bera Caesar saman við Donald Trump sem hefur oft verið kenndur við ný-lýðhyggju, þeir eru báðir stjórnámálamenn sem koma frá auðugum fjölskyldum og tilheyra ákveðinni elítu. Caesar tilheyrði patríseia elítunni og Trump tilheyrði viðskipta elítunni í Bandaríkjunum, þrátt fyrir það þá ráðast þeir báðir á tiltekna elítur og njóta mikilla vinsælda meðal efnaminni hópa samfélagsins. (Inglehart og Norris 2016, 5) Hugmyndin um „populism from above“ á sér þá hliðstæður í nútímanum og á fornöld.

3.2.5 Samfélagsmiðlar og falsfréttir

Falsfréttir og dreifing þeirra er ekki nýtt fyrirbæri, þær hafa verið notaðar í pólitískum tilgangi í aldaðir. Birtingarmynd þess á tímum rómverska lýðveldisins er að finna hjá Gaius Maríus þegar hann bauð sig fram sem ræðismaður og tók herstjórnina af Metellus. Maríus byrjaði á því að tala við viðskiptamenn frá Róm sem ferðuðust oft til Norður-Afríku þar sem stríðið við Númidíu var háð. Hann fór að segja þeim að Metellus væri að fresta því að ljúka við stríðið að ásettu ráði svo að hann gæti haldið í völdin sín sem lengst. Maríus fór einnig að tala við auðuga og vel tengda hermenn, hann sagði þeim sömu söguna og reyndi að sannfæra þá um það að hann gæti bundið enda á stríðið fljótlega ef hann fengi stjórn yfir hernum. Hann hvatti svo þessa viðskiptamenn og hermenn til þess að skrifa bréf til vina þeirra og samstarfsmanna í Róm þar sem þeir lýstu því hvernig Metellus væri að klúðra stríðinu. Hann hvatti þá einnig til þess að lýsa yfir stuðningi við framboð hans í skrifum sínum og að herstjórnin í Númidíu ætti frekar að vera í hans höndum. Fljótlega þá var farið að tala um vanhæfni Metellusar í Róm og

að hann hefði geta verið búinn að ljúka við stríðið ef hann vildi. Sömu mennirnir fóru að hampa Maríusi og fóru að lýsa yfir því að hann ætti að taka við af Metellus. (Watts 2018, 104) Eins og sést þá hafa falsfréttir verið viðvarandi í langan tíma en tilkoma samfélagsmiðla hefur gjörbreytt dreifingu þeirra, falsfréttir birtast nú í þvílíku magni og með miklum hraða sem hefur ekki sést áður. Þar með er ekki hægt að bera dreifingu falsfrétta í nútímanum við það sem finnst hjá rómverska lýðveldinu.

3.2.6 Andstaða gagnvart alþjóðlegum stofnunum og pólitískri rétthugsun

Að sjálfsögðu er ekki hægt að finna birtingarmynd andstöðu gegn Evrópusambandinu hér eða annarra alþjóðlegra stofnana þar sem fyrirbæri á borð við þau voru ekki til áður fyrr. Alþjóðastofnanir á borð við ESB eru ný af nálinni og þar af leiðandi er afstaða gagnvart þeim einungis bundin við nútíma stjórnmalahreyfingar. Sama er hægt að segja um pólitíska rétthugsun þar sem hún hefur aðeins komið fram síðastliðna áratugi og ekki er hægt að finna sambærilega rétthugsun hjá rómverska lýðveldinu.

4 Samantekt og umræða

Lýðhyggja er hugtak sem ekki er auðvelt að skilgreina og margar ólíkar skilgreiningar hafa komið fram í gegnum árin. Sumir halda því fram að lýðhyggja sé ekki til en aðrir telja að öll stjórnsmál einkennist af lýðhyggju. Sumir halda fram að lýðhyggja sé sérstök hugmyndafræði meðan aðrir tala um hana sem glæra hugmyndafræði sem hægt er að blanda saman við hvað sem er. Aðrir tala um lýðhyggju sem tegund af orðræðu eða ákveðna heimssýn. Það er þó ákveðinn rauður þráður í gegnum margar skilgreiningar, sérstaklega fólkið í landinu og elítan. Lýðhyggja getur verið hugmyndafræði, orðræða og heimssýn sem segir til um að fólkið í landinu eigi að ráða en ekki ákveðin elíta.

Ný-lýðhyggja er einnig loðið hugtak sem keppst er við að skilgreina. Rétt eins og með hefðbundna lýðhyggju þá er hugtakið oft notað án þess að það sé almennilega skilgreint. Sumir nota það sem uppnefni á stjórnsmálamenn eða stjórnsmálhreyfingar sem þeim líkar ekki við og aðrir nota hugtakið yfir nýja kynslóð af lýðhyggjusinum án þess að halda því fram að lýðhyggja þeirra sé frábrugðin þeirri sem hefur komið áður. Sumir hafa þó lagt í að reyna að skilgreina ný-lýðhyggju sem nýja tegund og frábrugðna þeirri sem hefur komið fram áður. Slíkar skilgreiningar reyna að gera grein fyrir þeirri þróun sem hefur átt sér stað í gegnum árin og í hverju hún felst.

Miscoiu, Revelli og margir aðrir fræðimenn stilla upp ákveðnum einkennum sem þeir tengja við ný-lýðhyggju og hefur verið sérlega áhugavert að bera þau einkenni saman við rómverska lýðveldið. Fjöldi einkenna sem Miscoiu stillir upp er hægt að finna á meðal „populares“-fylkingarinnar en sum þeirra eiga alls ekki við. Þau einkenni sem Revelli og margir aðrir tengja við ný-lýðhyggju hafa þó ekki skýrar birtingarmyndir. Þó svo að hægt sé að bera saman hnattvæðingu og áhrif hennar á verkalýðinn ásamt andstöðu gegn fólksflutningum við tilvik frá lýðveldinu upp að vissu marki þá eru aðstæðurnar mjög ólíkar og á allt öðrum stærðarskala. Önnur einkenni eins og valdboðshneigð samhliða „populism from above“ eiga sér þó skýrar birtingarmyndir á tímum rómverska lýðveldisins.

Áhugaverðust eru þau einkenni sem eiga sér enga birtingarmynd hjá rómverska lýðveldinu. Það eru tvö einkenni frá Miscoiu sem eiga sér enga hliðstæðu í fornöld, hið fyrra segir til um samskipti stjórnsmálamanna við almenning og hið síðara segir til um hve lengi áhrif lýðhyggju vara. Tæknin hefur gjörbreytt því hvernig stjórnsmálamenn eiga í samskiptum við almenning og öldin þar sem ræðuhæfileikar gátu virkað sem galdrar er löngu liðin. Stjórnsmálamenn geta núna náð til milljóna manna í gegnum sjónvarp og netið samhliða því að

Það hefur aldrei verið auðveldara fyrir þá að eiga í tvíhliða samskiptum við kjósendur sína. Fjölmíðlar og samfélagsmiðlar gegna núna gríðarlega mikilvægu hlutverki þegar kemur að dreifingu á upplýsingum sem gerir stjórnámálönnum kleift að koma stefnu sinni á framfæri án þess að yfirgefa heimili sitt. Síðara einkennið er einnig áhugavert, margar ný-lýðhyggjuhreyfingar hafa sprottið upp síðastliðin ár og margar þeirra eru strax horfnar af vettvangi stjórnmála. Sumar hreyfingar hafa komist inn á þing eða jafnvel til valda en áhrif þeirra eru oft ekki langvarandi og þær eiga erfitt að keppa við rótgróna stjórnmálaflokka. Sumar þeirra eru útilokaðar af öðrum stjórnmálaflokkum og eiga engan möguleika á að hafa veruleg áhrif.

Ef einkennin sem Revelli og fleiri nefna eru skoðuð þá má sjá enn fleiri nýjungar. Ýmsar starfsstéttir hafa átt undir högg að sækja vegna erlends vinnuafls og flutnings á störfum til annarra landa. Sambærilegar aðstæður hafa komið upp í gegnum mannkynssöguna en aldrei af þeirri stærðargráðu sem nú hefur sést. Fjöldi fólks hefur þurft að yfirgefa starfsgrein sína og sumir hafa þurft að glíma lengi við atvinnuleysi. Skortur hefur verið á stjórnmálámönnum og stjórnmálahreyfingum sem hafa látið þetta ástand sig varða og hafa ný-lýðhyggjumenn nýtt sér stöðuna til þess að komast til valda.

Það tengist öðru einkenni sem hefur komið fram sem er andúð gegn innflytjendum. Ný-lýðhyggjusinnar hafa verið duglegir að benda á innflytjendur sem ástæðu fyrir því að ákveðnar starfsstéttir eigi erfitt uppdráttar innanlands og hafa hvatt til þess að herða innflytjendastefnu. Gott dæmi um þetta er Brexit þar sem innflytjendastefna var ofarlega á baugi meðal kjósenda. Innan Evrópu hefur andstaða gegn Evrópusambandinu verið áberandi meðal þeirra sem aðhyllast ný-lýðhyggju og er það oft beintengt hinum einkenninum sem hafa verið nefnd. Ný-lýðhyggjumenn kenna oft ESB um ástandið í innflytjendamálum og frjáls flutningur fólks innan ESB verður oft að skotmarki þeirra. Ríkjasamband af þessu tagi er algjörlega nýtt fyrirbæri sem ekki hefur sést áður og áhrif þess á meðlimi sína geta verið gríðarleg. Ný-lýðhyggjumenn tala þá oft um elítuna í Brussel sem reynir að drottna yfir ríkjum sambandsins.

Þetta bendir allt til þess að ákveðin einkenni ný-lýðhyggju séu til staðar sem eru frábrugðin því sem þekktist sem hefðbundin lýðhyggja. Þessi einkenni tengjast flest viðamiklum breytingum sem hafa átt sér stað síðastliðna öld og hafa ný-lýðhyggjusinnar sótt atkvæði sín til þeirra sem eru ekki sáttir við þau áhrif sem þessar breytingar hafa í för með sér. Það er þó mikilvægt að gera greinarmun á því sem hefur breyst við lýðhyggju og þeim breytingum sem hafa átt sér stað í heiminum síðastliðna öld. Hefðbundinn lýðhyggja er

hugmyndafræði, orðræða eða heimssýn sem segir til um að fólkið í landinu eigi að ráða en ekki elítan. Þessi skilgreining á enn þá við mikið af þessum einkennum sem hafa verið tengd við ný-lýðhyggju. Það eru alltaf breytingar að eiga sér stað sem hópur fólks er á móti og þó svo að lýðhyggjumenn taki upp hanskann fyrir þá hópa þá breytir það ekki eðli lýðhyggjunnar.

Hnattvæðing, pólitísk rétthugsun, fólksflutningar, alþjóðlegar stofnanir, tækninýjungar og samfélagsmiðlar eru vissulega veigamiklar breytingar sem hafa átt sér stað síðastliðna öld en erfitt er að tala um þessar breytingar sem einkenni ný-lýðhyggju. Fjöldi stjórnmalahreyfinga sem eru ekki kennd við lýðhyggju eða ný-lýðhyggju hafa brugðist við þessum breytingum vegna áhrifa þeirra og sum þeirra lýst yfir andstöðu sinni en það gerir þau ekki að ný-lýðhyggjuhreyfingum. Það sem að skilur ný-lýðhyggju að frá hefðbundinni lýðhyggju eru þær breytingar sem hafa orðið á boðskiptum milli fólksins og leiðtoga þeirra og á lengd áhrifa ný-lýðhyggju.

Nú til dags eru fjöldi af lýðhyggjuhreyfingum sem að þurfa að keppa hver við aðra um athygli og kjósendur. Þar sem lýðhyggja er glær hugmyndafræði þá er mikill fjölbreytileiki meðal ný-lýðhyggjuhreyfinga þar sem sumar þeirra skilgreina sig sem vinstrisinnaðar hreyfingar og aðrar sem hægrisinnaðar hreyfingar. Allar þessar hreyfingar tala um ákveðna elítu sem kúgar almenning en mismunandi hreyfingar geta haft mismunandi skilgreiningu á hver þessi elíta er. Vegna þessarar samkeppni þá er það erfiðara fyrir hreyfingarnar að ná sér fótfestu og lengd áhrifa þeirra getur þar af leiðandi verið mun minni en það sem hefur tíðkast áður fyrr. Lýðhyggjuhreyfingar eins og „populares“ fylkingin stóðu ein á báti og áhrif þeirra entust í gegnum aldirnar en sama er ekki hægt að segja um ný-lýðhyggjuhreyfingarnar. Boðskiptin á milli leiðtoga ný-lýðhyggjuhreyfinga og almennings er einnig gjörólík þeim lýðhyggjuhreyfingum sem hafa áður verið til staðar, það er mun auðveldara fyrir þessa leiðtoga að koma sér á framfæri og eiga í beinum samskiptum við mögulega kjósendur.

Þessi einkenni stangast ekki á við skilgreininguna á hefðbundinni lýðhyggju en þau hafa hins vegar breytt eðli lýðhyggjunnar hvað varðar boðskipti og lengd áhrifa. Ný-lýðhyggja er þá frábrugðin hefðbundinni lýðhyggju að ákveðnu leyti en óljóst er hvort munurinn sé það mikill að þörf sé á því að tala um lýðhyggju sem tekur til sín þessar breytingar sem ný-lýðhyggju. Það fer þá eftir því hvernig hugtakið er notað, það getur verið viðeigandi til þess að lýsa nýrri kynslóð af lýðhyggju sem hefur aðlagast breyttum aðstæðum en það virðist ekki vera hægt að nota það til þess að lýsa hugmyndafræði sem er verulega frábrugðin hefðbundinni lýðhyggju.

Heimildaskrá

- Ágh, Attila. 2018. „The Long Road from Neoliberalism to Neopopulism in ECE: The Social Paradox of Neopopulism and Decline of the Left.“ *Baltic Journal of Political Science* 7-8(1): 6-26. Sótt 2. Maí 2020, doi: 10.15388/BJPS.2018.7-8.1.
- Beard, Mary. 2015. *SPQR: A History of Ancient Rome*. London: Profile Books. Kyndill.
- Crawford, Michael. 2015. *The Roman Republic*. 2. útg. London: Harper Press. Kyndill.
- Curtius, Quintus. 2017. *Sallust: The Conspiracy of Catiline And The War of Jugurtha*. Charleston: Fortress of the Mind Publications. Kyndill.
- Glaser, Linda B. 2017. „Historian offers lessons from antiquity for today’s democracy.“ *Cornell Chronicle*, 1. nóvember. Sótt 2. Maí 2020, <https://news.cornell.edu/stories/2017/11/historian-offers-lessons-antiquity-todays-democracy>.
- Inglehart, Ronald F. og Pippa Norris. 2016. „Trump, Brexit, and the rise of Populism: Economic have-nots and cultural backlash.“ Grein kynnt á ráðstefnu um lýðhyggju, American Political Science Association, 2. september. Sótt 11. maí, <https://research.hks.harvard.edu/publications/getFile.aspx?Id=1401>.
- Kaltwasser, Cristóbal Rovira og Cas Mudde. 2017. *Populism: A Very Short Introduction*. New York: Oxford University Press.
- Kuzminski, Adrian. 2008. *Fixing the System: A History of Populism, Ancient and Modern*. New York: Bloomsbury Publishing. Kyndill.
- Miscoiu, Sergiu. 2013. „From Populism to Neo-Populism? Empirical Guidelines for a Conceptual Delineation.“ Í *Contemporary Populism: A Controversial Concept and Its Diverse Forms*. Ritstjórar Sergiu Gherghina, Sergiu Miscoiu og Sorina Soare, 16-31. Newcastle upon Tyne: Cambridge Scholars Publishing.
- Mueller, Jan-Werner. 2016. *What Is Populism?*. Philadelphia: University of Pennsylvania Press.
- Patnaik, Utsa. 1979. „Neo-populism and Marxism: The Chayanovian view of the agrarian question and its fundamental fallacy.“ *The Journal of Peasant Studies* 6(4): 375-420. Sótt 2. maí 2020, doi: <https://doi.org/10.1080/03066157908438083>.

- Pippa Norris. 2019. „Cultural Backlash: Trump, Brexit and Authoritarian-Populism.“ Síðast uppfært 2. janúar 2020. Sótt 2. maí 2020, <https://www.pippanorris.com/cultural-backlash-1>.
- Reveli, Marco. 2019. *The New Populism: Democracy Stares into the Abyss*. Þýðandi David Broder. London: Verso Books. Kyndill.
- Prud'homme, Dan og Max von Zedtwitz. 2019. „Strategic responses to neo-populism.“ *The European Business Review*, 1-15. Sótt 2. maí 2020, <https://www.europeanbusinessreview.com/strategic-responses-to-neo-populism/>.
- Speed, Ewen og Russell Mannion. 2017. „The Rise of Post-truth Populism in Pluralist Liberal Democracies: Challenges for Health Policy.“ *International Journal of Health Policy and Management* 6(5): 249-251. Sótt 2. maí 2020, doi: 10.15171/ijhpm.2017.19.
- Strauss, Barry. 2017. „Populares and Populists.“ Í *Vox Populi: The Perils and Promises of Populism*. Ritstjóri Roger Kimball, 27-42. New York: Encounter Books. Kyndill.
- The Guardian. 2018. „The new populism.“ Síðast uppfært 4. apríl 2020. Sótt 2. maí 2020, <https://www.theguardian.com/world/series/the-new-populism>.
- Ulger, Írfan Kaya og Maribel Benitez. 2017. „Islamophobia in France, from Racism to Neo-Populism.“ *LAU Sosyal Bilimler Dergisi* 8(1): 50-66. Sótt 2. maí 2020, <http://euljss.eul.edu.tr/euljss/Makale4-Ulger-Benitez.pdf>.
- Watts, Edward J. 2018. *Mortal Republic: How Rome Fell into Tyranny*. New York: Basic Books. Kyndill.